



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Mosfellsbæjar  
Haraldur Sverrisson  
Mosfellsbær  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbæ

Kópavogur, 20. janúar 2022  
Málsnr. 2104006/JKÁ/HH

## Efni: Samræming úrgangsflokkunar - næstu skref - Sóknaráætlun 2020-2024 - 2104006

Á 535. fundi stjórnar SSH, hinn 17. janúar 2022, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

### Samræming úrgangsflokkunar - næstu skref - Sóknaráætlun 2020-2024 - 2104006

*Framhald umræðu frá 532. fundi en þá var staða vinnunnar kynnt.*

*Fyrir 523. fundi stjórnar lá afgreiðsla sveitarfélaganna vegna skýrslu ráðgjafastofunnar Resource dags. 14. janúar 2021 um samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu og minnisblöð starfshópsins dags. 12. janúar 2021 og 12. apríl 2021. Eftirfarandi niðurstaða var bókuð í fundargerð 523. fundar vegna málsins: "Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögur starfshópsins í minnisblaði dags. 12. apríl 2021 og að vinnunni verði haldið áfram á grunni þeirra. Niðurstaða fundarins verði send sveitarfélögunum til kynningar og fylgt eftir með frekari kynningum óski sveitarfélögin eftir því."*

*Fyrirbyggjandi er skýrsla starfshóps: Sorphirða á höfuðborgarsvæðinu: samræming úrgangsflokkunar, dags. janúar 2022 þar sem koma fram tillögur að samræmdu úrgangsflokkunarkerfi fyrir höfuðborgarsvæðið. Einnig er lagt fram minnisblað SSH dags. janúar 2022 og drög að yfirlýsingu um samstarf milli sveitarfélaganna um samræmda úrgangsflokkun dags. janúar 2022.*

*Eru skýrslan og yfirlýsingin nú lögð fram til samþykktar stjórnar og gerð tillaga um að þeim verði í kjölfarið vísað til efnislegrar afgreiðslu á vettvangi aðildarsveitarfélaganna. Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins kynnir framangreint.*

*Gestir  
Jón Kjartan Ágústsson*

### **Niðurstaða:**

*Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti tillögur sem koma fram í skýrslu starfshópsins og að samræming úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu verði unnin áfram á grundvelli þeirra.*

*Stjórn felur SSH að senda fyrirbyggjandi gögn til efnislegrar umræðu. Jafnframt verði farið fram á umboð til handa framkvæmdastjóra þeirra til að skrifa undir yfirlýsingu um samstarf vegna samræmingar úrgangsflokkunar og kynningarmála.*



### Beiðni um meðferð á vettvangi sveitarfélagsins:

1. Meðfylgjandi er skýrsla starfshóps: *Sorphirða á höfuðborgarsvæðinu - samræming úrgangsflokkunar* dags. janúar 2022 og er hún lögð fram til umræðu á vettvangi sveitarfélagsins. Einnig er lagt fram minnisblað svæðisskipulagsstjóra um verkefnið dags. janúar 2022.
2. Einnig eru meðfylgjandi drög að yfirlýsingu um samstarf sveitarfélaganna vegna samræmingar úrgangsflokkunar. Þess er óskað að yfirlýsingin verði staðfest á vettvangi sveitarfélagsins og framkvæmdastjóra þess falið fullt og ótakmarkað umboð til undirritunar hennar.

Óskir um kynningar á framangreindu berist Jóni Kjartani Ágústssyni, svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, sem er tengiliður þessa verkefnis. Netfang hans er jon@ssh.is og símanúmer 8485271.

Þess er óskað að tilkynnt verði um meðferð sveitarfélagsins samkvæmt framangreindu á netfangið ssh@ssh.is eigi síðar en 17. febrúar nk.

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson  
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:

- Samræming úrgangsflokkunar lokaskýrsla, janúar 2022.
- Minnisblað - samræming úrgangsflokkunar - lok verkefnis.
- Drög að yfirlýsingu um samræmingu úrgangsflokkunar og kynningarstarf.